



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2015

Fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015 til 2018, mál 770

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að til að hitta umhverfis- og samgöngunefnd í kjölfar þess að mælt var fyrir samgönguáætlun á Alþingi. Samtökin vilja nú árétta helstu áherslur sínar í kjölfar þess fundar.

Í stað þess að hnýta í einstök atriði eða jafnvel vegakafla vilja samtökin benda á áherslur sem taldar eru mikilvæg forsenda samkeppnishæfs samfélags en sterkir innviðir og greiðar og öruggar samgöngur skipta miklu máli í því samhengi.

Helstu áherslur:

Fyrst og fremst þarf aukið fjármagn til meginstofnþátta og grunnstoða svo vegakerfið beri betur umferð og flutninga á þjóðvegum. Það þarf aukið fjármagn í viðhald vega svo Vegagerðin geti sinnt nauðsynlegu viðhaldi en vegakerfið hefur sjaldan eða aldrei verið í verra ástandi en nú. Það skiptir sköpum að vegir, sérstaklega flutningaleiðir, hafi nægjanlegt burðarþol allt árið um kring en þeir fjármunir sem Vegagerðinni er úthlutað í dag duga ekki til.

Byggður verði tvöfaldur akvegur milli Borgarness og Selfoss með tengingu við tvöfalda Reykjanesbraut.

Mikilvægt er að ráðist verði í gerð Sundabrautar, enda er hún afgerandi varðandi flutning vöru og aðfanga milli borgarinnar, aðliggjandi athafnasvæðis við Grundartanga og framtíðar iðnaðar- og athafnasvæðis á Esjumelum.


Nauðsynlegt er að hringvegurinn verði varðaður tvöföldum brúm og einbreiðar brýr verði látnar víkja.

Samtökin telja að til greina komi að fjármagna einstakar stórar framkvæmdir í vegakerfinu með notendagjöldum (einkaframkvæmd/PPP).

Samkvæmt þeirri meginreglu að þeir greiða sem nota, leggja samtökin til að við lagningu vega til tiltekinna nota og jafnvel fyrir afmarkaða hópa, verði þær framkvæmdir fjármagnaðar með notkunargjöldum. Þetta á til að mynda einkar vel við um ferðamannavegi sem alla jafna nýtast ekki öðrum.

Á fundinum með umhverfis- og samgöngunefnd var jafnframt viðruð hugmynd um að einkavæða og selja Keflavíkurflugvöll að hluta eða öllu og nýta fjarmagnið til innviðafjárfestinga á fleiri sviðum en eingöngu samgöngumálum. Við skoðun nefndar á vegum innanríkisráðuneytisins í vetur kemur fram að margar nauðsynlegar samgöngubætur eru einfaldlega of litlar til að bera einkafjármögnun auk þess sem gjarnan er vöntun á tekjustreymi. Þessi atriði gæti hinsvegar einkavæðing Keflavíkurflugvallar leyst. Bent er sérstaklega á að nær allir alþjóðlegir flugvellar í Evrópu eru einkareknir og því ekki fjarstæðukennt að skoða þennan valkost vel.

f.h. Samtaka iðnaðarins



Almar Guðmundsson,
Framkvæmdastjóri SI



Árni Jóhannsson,
Forstöðumaður mannvirkjasviðs